

7/1 '77

A R S S K Y R S L A

Skógarvarðarins á Vesturlandi 1976.

### Veðrátta:

Tíðarfar á Vesturlandi mátti heita áfallalaust vetrarlangt. Nokkur snjór var á jörð í fjallabyggðum, en lengst af snjólétt á láglendi þegar frá er skilinn nokkur tími um miðjan vetur. Klaki kom enginn að kalla, og þegar tímatal sagði samkvæmt skráðum almanökum að komið væri vor, kom vorið og eftir apríllok frysti ekki svo nemi. Þegar leið á júní rigndi allmikið, en einnig komu hitadagar og fór hitastig nokkrum sinnum yfir 20° gr. Ágústmánuður var dimmur og drungalegur og rigndi nær látlauast allan mánuðin og fram í byrjun september, en þá gerði nokkra uppstyttu og tíðarfar í september, október og nóvember munði vera eitt hið besta sem komið hefur um áratuga skeið.

Desember var einnig veðragoður og jörð alauð, en nokkur frost, allt niður í 14° gr. voru um hrið og er hætt við að klaki komi í jörð, en það er klakinn sem ræður jarðargröða næsta vor. Sé klakalaus jörð á vordögum er hætta ekki mikil fyrir plöntur og grös, en sé klaki mikill í jörð er hættan fyrir hendi á kali og gróðri fer ekki fram á eðlilegan hátt.

Arið 1976 getum við kvatt ánægð, heildarlega séð var það gott fyrir allan jarðargröður enda þótt rigningar væru of miklar.

### Vöxtur trjáa og jurta:

Birki fór að hreyfa sig um 10. maí, þótt ekki spryngi það út að fullu fyrr en um 20. maí. Vöxtur á barrplöntum var mjög góður í summar, einkum eldri og stórum trjám. Rauðgrenið virtist dafna best, enda þótt einstaka sitkagreni hafi náð bestum þroska, þá var vöxtur á rauðgreni jafnbetri.

Grasvöxtur hefur varla verið meiri áður og voru fjalladalir svo vel grónir að eldri menn sögðust ekki hafa séð svo góðan grasvöxt fyrr. Lúpina preifst mjög vel í summar og nemur hún lönd viðar en áður var sökum tilfærslu á henni í girðingu skógræktarinnar, einnig eru margir einstaklingar sem fá fræ og hnáusa og gera tilraunir með að rækta hana.

### Starfsfólk:

Sem að undanförnu voru það einkum unglingsar sem voru við skógræktarstörf, og hef ég áður lýst þeirri skoðun minni að eðlilegast væri að skólaþólk starfaði yfir summarímann í skógrækt. Aðalstörfin eru framkvæmd í júní og júlí og raunar ágúst að nokkru.

Flest störfuðu 14 unglingsar og fullorðið fólk í einu. Ólafur Oddsson var meiri hluta sumarsins við skógræktarstörf á þessum slóðum og var verkstjóri einkum í græðireit.

### Girðingar:

Engar nýjar girðingar voru gerðar að þessu sinni, en stækkaður var ~~þórk~~ lundurinn í Arnarholti og eldri girðingin löguð. Einna var gert við eldri girðingar eftir því sem hægt var. Mjög reyndist erfitt að halda við hluta af Jafnaskarðsgirðingu bæði við vatnið og einnig þar sem girt er yfirkiðá. Þá ber nokkuð á því að hlið væru skilin eftir opin á Jafnaskarðsgirðingu, en þar er umferðin mest. Girðingin í Skóum í Þorskafirði er vandamál og hef ég fengið valin-kunnan girðingarmann til að gera við girðinguna, því Baháasöfnuðurinn, sem telur sig hafa umráð yfir Skógaeygninni skiptir sér ekkert af skógræktargirðingunni, enda er girðingin eign Skógræktar ríkisins og það er skógræktin sem á að taka girðinguna algerlega í sínar hendur.

Skógarhögg - grisjun:

Grisjað var í Norðtunguskógi fyrir gróðursetningu, en lítið annarsstaðar á vegum Skógræktarinnar.

Áburðargjöf:

Borið var á í Norðtunguskógi og umhverfis græðireitinn. Áburðargjöf á þennan hátt má frekar skoða sem samanburðartilraun á móti óábornu, en raunverulegt gagn gerir hún ekki þegar miðað er við allan þann fjölda plantna sem búið er að gróðursetja og ómögulegt væri að komast yfir að bera á vegna kostnaðar. En það er gott að gera tilraun með áburð þótt í smáum stíl sé.

Græðireitur:

Úr græðireitnum voru gróðursettar í vor í ýmsar girðingar plöntur sem hér greinir:

Birki	300	stk.
Stafafura	3.500	"
Bergfura	400	"
Hvítgreni	1.300	"
Rauðgreni	28.000	"
Sitkagreni	<u>1.000</u>	"
Samtals:	34.500	stk.

Auk þess voru afgreiddar úr reitnum til heimanotkunar og skjólbelta 5.000 viðjur og 300 aspir. Samtals hafa komið úr reitnum til nota 38.300 plöntur.

Dreifsettar voru:

Rauðgreni	B 804	17.550	stk.
Stafafura	B 854 Haines	15.500	"
Birki (Hallormsst.)		<u>2.500</u>	"
Samtals:		35.550	stk.

Auk þess voru stiklingar dreifsettir sem hér segir:

Viðjustiklingar	17.500	stk.
Asparstiklingar	200	"
Alaskaviðir	4.150	"
Brekkuviðir	<u>150</u>	"
Samtals:	22.000	stk.

Þá var sáð birkifræi í 37 m<sup>2</sup> B 384. Til næsta árs eru eftir plöntur:

Viðja 1974 og 1975	14.500	stk.
Viðja 1976	17.000	"
Brekkuviðir 1976	<u>5.000</u>	"

Skjólbeltaplöntur samtals: 36.500 stk.

Þá standa eftir í reitnum:

Alaskaösp	200	stk.
Garðplöntur, Reynivíðir	1.100	"
Rauðgreni, garðpl. 35-50 cm.	300	"
Sitkagreni (skógarpl.)	1.500	"
Stafafura 2/2	5.000	"
Rauðgreni 2/2 (skógarpl.)	12.000	"

Samtals eru til afhendinar úr reitnum næsta vor 20.100 plöntur.

Gróðursetning:

Jafnaskarðsgirðing:

Rauðgreni - Trysil 2/3	10.000	stk.	
Hvítgreni 2/4	1.000	"	
	Samtals:	11.000	stk.

Norðtunguskógar:

Rauðgreni - Trysil 2/3	11.000	stk.	
Bergfura - Card 763 2/3	5.000	"	
Hvítgreni - M Pass 581 2/4	5.300	"	
Stafafura - Smithers 679 2/3	1.300	"	
Stafafura - Skagway 816	1.300	"	
Bergfura	3.500	"	
	Samtals:	27.400	stk.

Síðumúlagirðing:

Bergfura - Card 763 2/3	1.000	stk.	
Stafafura - Homers 854 2/2	2.000	"	
Birki - Hall. 3/0	2.500	"	
	Smatals:	5.500	stk.

Melsgirðing:

Stafafura - Homers 854 2/2	5.000	stk.
----------------------------	-------	------

Staðarfellsgirðing:

Rauðgreni - Trysil 700 2/2	4.000	stk.
----------------------------	-------	------

Geirshliðar og Hörðubólsgirðingar:

Hvítgreni - M Pass 581 2/4	600	stk.	
Rauðgreni - Trysil 700 2/3	2.000	"	
Birki - Hallormsst. 2/0	1.000	"	
Bergfura - Card 763 2/3	2.000	"	
Stafafura - Smithers 678 2/1	4.500	"	
	Samtals:	10.100	stk.

Arnarholtsgríðing:

Rauðgreni	1.000	stk.
-----------	-------	------

Umhverfis græðireit:

Stafafura - Norðt.	1.500	stk.	
Viðja	500	"	
	Samtals:	2.000	stk.

Alls hefur verið gróðursett á vegum Skógræktar ríkisins í Vesturlandsumdæmi 60.200 plöntur.

### Ferðalög og ýmislegt:

Fjarverandi vegna skógræktarmála var ég 170 daga, auk þess ynnti ég af hendi bréfaskriftir, símtöl, fólksráðningar o.fl. í þágu skógræktarmála.

Helstu ferðir voru sem hér greinir: Hinn 3., 4. og 5. febrúar fór ég til Reykjavíkur vegna skógræktarmála. 4. mars flutti ég erindi um skógrækt í Varmalandsskóla á vegum Ungmennafél. Staf-holtstungna. 14. mars til 20. mars var ég á skógarvarðarfundi í Reykjavík. 26. maí fór ég í skógræktarerindum í Dalasýslu.

29. júní fór ég gróðursetningarferð í Dalasýslu. 1. júlí gróður-setningarferð í Skilmannahrepp. 13. ágúst ferð að Staðarfelli í Döllum vegna skógræktar. 22. sept. fór ég að Skógum í Þorskafirði og athugaði girðingar og vöxt trjáa, talaði enn fremur við Karl á Kambi sem gert hefur við girðingarnar.

17. og 18. október kom ég til Reykjavíkur til viðræðna við skógræktarstjóra. 26. okt. ferð í Dalasýslu. 29., 30., 31. okt. og 1. nóv. var ég á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands og einnig á Skógræktarskrifstofu.

Auk þess er að ofan greinir hef ég farið fjölda margar ferðir um þetta stóra hérað til leiðbeininga og starfa. En sem fyrr hef ég séð um starfrækslu Skógræktarfél. Borgarfjarðar og annast gróður-setningu og önnur störf fyrir það, en geri ekki ráð fyrir að sú vinna verði að nokkru metin í sölum Skógræktar ríkisins frekar en áður.

Það er mikið rætt um samstarf og faglega uppbyggingu skógræktarmála í landinu. Þetta er góð hugmynd, en hvernig eru leiðbeiningar í þessum málum í reynd? Þær eru þannig að komið er saman á fundi þegar klaki er í jörð og snjór þekur mestan hluta lands, og þá er rætt um þessi mál og þar eru sumir stórvitringar að þeirra eigin mati, sem láta ljós sitt skína, en þegar klaka leysir loks úr jörð og hið raunhæfa starf byrjar, sést enginn af vitringunum og sumarið í sumar leið þannig að enginn kom í Vesturlandsumdæmi þar sem ég næð fyrir.

Þá er það hinn margumtalaði græðireitur í Norðtunguskógi. Það ber að leggja hann niður segja sumir vitringarnir og auðvitað verð ég að gangast undir það sem hliðinn skógarvörður, en þegar á hólminn kemur geta yfirmenn þessara mála í hvorugan fótinn stigið og taka aldrei fullnaðarákvárdanir um endalok þessa máls, og svo er reitnum halddið gangandi án þess að nokkru teljandi fjármagni sé fórnað til starfrækslu hans. Útkoman verður samkvæmt því, þar sem algjör fjárskortur ríkir að ekkert er hægt að sýna í verki þegar vantar allt til alls. Eftir þessa meðferð á græðireitsmálunum í Norðtunguskógi og þeim vesældar fjárfamlögum sem mér hafa verið fengnar til framkvæmda í skógræktarmálum á Vesturlandi, er ég ánægður með þá ákvörðun sem ég hef tekið, að hætta störfum hjá Skógrækt ríkisins fyrir næsta vor.

Ég þakka samstarfið á árinu 1976 og óska þess að forráðamenn Skógræktar ríkisins geri betur við eftirmann minn í skógarvarðarfstarfinu heldur en gert hefur verið við mig, sem brautryðjanda skógræktarmála á Vesturlandi og það sannist á mér sem skáldið kvað:

"Að fæstir njóta eldanna sem fyrstir kveikja þá".  
Gleðilegt nýár.

Hreðavatni, 28. des. 1976.

*Janiell Kristjánsson*